

Dalapósturinn



*Fréttir úr
stjórnsýslunni*

*Skóladagatal
2009-2010*

*Hausfagnaður
í Dölum*



Eiríksstaðir í Haukadal

*Ritstjóri og ábyrgðarmaður Grímur Atlason
Umsjón og hönnun Helga H. Ágústsdóttir - ferdamal@dalir.is
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búdardalur*

Fréttir úr stjórnslunni

Undanfarnir mánuðir hafa verið viðburðarríkir í Dalabyggð. Hér verður aðeins tæpt á því helsta.

Þann 1. ágúst sl. var stjórn allra skóla sveitarfélagsins sett undir einn hatt. Nýr skóli fékk nafnið Auðarskóli eftir að haldin hafði verið nafnasamkeppni. Eyjólfur Sturlaugsson er skólastjóri Auðarskóla og bjóðum við hann hjartanlega velkominn til starfa. Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir hóf á sama tíma störf sem aðstoðarleikskólastjóri við skólann og er hún sömuleiðis boðin velkomin. Guðrúnu Halldórsdóttur og Berglindi Vésteinsdóttur er þakkað fyrir vel unnin störf og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Nýr bókari, Björn Hermannsson, hóf störf 1. september á skrifstofu sveitarfélagsins. Pétur Óskarsson hefur verið ráðinn starfsmaður eignarsjóðs/áhalda húss sveitarfélagsins. Pétur og Björn eru boðnir velkomnir til starfa. Helgu Jónsdóttur fráfarandi bókara er óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Skipulagsmál Lauga svæðisins hafa ekki verið með einfaldasta hætti sl. ár. Þessa dagana er verið að vinna að eignarskiptasamning auk þess sem sveitarfélagið á í viðræðum við embættismenn ríkisins um einfaldari eignaraðild. Óljós eignaraðild og ábyrgð annars eigandans (ríkisins) hefur tafið fyrir allri uppbyggingu á svæðinu.

Þessa dagana er verið að vinna í endurskipulagningu sorphreinsunar í Dalabyggð. Nýtt gámasvæði hefur verið hannað og nýjar lausnir í tengslum við sorphreinsun eru í farvatninu. Það er stefnan að Dalabyggð verði innan skamms komin í fremstu röð hvað úrgangsmál varðar.

Vinna við fjárhagsáætlun ársins 2010 er hafin og ljóst að gæta þarf aðhalds við allar hliðar rekstrarins. Vinnuáætlun liggur fyrir og starfsmenn vinna hörðum höndum að afla gagna þannig að sem bestar ákvarðanir verði teknar. Það er ekki þannig að sveitarfélagið leggist í vörn og fari á biðreit. Mikilvægt er að sækja fram jafnhliða aðhaldi á rekstri. Lykillinn að uppbyggingunni eru íbúarnir og fyrirtækin á svæðinu og trú þeirra á Dalabyggð.

Guðrúnarlaug í Sælingsdal

Þessa dagana er verið að hlaða Guðrúnarlaug í Sælingsdal og mun fljótlega vera hægt að baða sig í lauginni. Það var fyrir u.þ.b. 140 árum sem skriða féll á laugina sem þá hafði sinnt hlutverki sínu frá dögum Guðrúnar Ósvífursdóttur. Uppbygging laugarinnar er í samræmi við þá stefnu, sem mótuð er í aðalskipulagi sveitarfélagsins, að efla menningartengda ferðamennsku á Laugum.



Á myndinni má sjá Guðjón Kristinsson hleðslumann máta laugina.

Upplýsingar um Auðarskóla

Nú er verið að vinna að umbótum á vefsvæði Auðarskóla. Ný heimasíða er að taka á sig mynd og þar verða upplýsingar um allan skólann; þ.e grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Ný slóð er: www.audarskoli.dalir.is Einnig er hægt að komast á síðuna af heimasíðu sveitarfélagsins. Netfang skólans er audarskoli@dalir.is

Mentor; upplýsingakerfi og gagnagrunnur fyrir skóla er nú þegar í notkun í Grunnskólanum í Búðardal. Nú á næstu mánuðum verður Mentor virkjað fyrir leikskólann og útibúið í Tjarnarlundi. Búast má við frekari upplýsingum um gang mála á næstunni.

Grunnskóli í Búðardal:	434 – 1133
Grunnskóli í Tjarnarlundi:	434 – 1545
Leikskóli	430 – 4711
Tónlistardeild	434 – 1228

Auðarskóli

Skó

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER	
1 L		1 Þ	Námskynningar hefjast	1 F		1 S	
2 S		2 M		2 F		2 M	
3 M	Fridagur verslunarmanna	3 F		3 L		3 Þ	
4 Þ		4 F		4 S		4 M	
5 M		5 L		5 M		5 F	
6 F		6 S		6 Þ		6 F	
7 F		7 M		7 M		7 L	
8 L		8 Þ		8 F		8 S	
9 S		9 M		9 F		9 M	Námsi
10 M		10 F		10 L		10 Þ	Námsi
11 Þ		11 F		11 S		11 M	Námsi
12 M		12 L		12 M		12 F	Námsi
13 F		13 S		13 Þ		13 F	Námsi
14 F		14 M	Samr.próf. 10.b. Ísl	14 M		14 L	
15 L		15 Þ	Samr.próf. 10.b. Ens	15 F		15 S	
16 S		16 M	Samr.próf. 10.b. Stæ	16 F		16 M	Starfsd
17 M	Starfsdagur	17 F	Samr.próf. 4. + 7. b. Ísl.	17 L		17 Þ	Foreldra
18 Þ	Starfsdagur	18 F	Samr.próf. 4. + 7. b. Stæ.	18 S		18 M	
19 M	Starfsdagur	19 L		19 M		19 F	
20 F	Starfsdagur	20 S		20 Þ		20 F	
21 F	Skólasetning	21 M		21 M		21 L	
22 L		22 Þ		22 F		22 S	
23 S		23 M		23 F		23 M	
24 M		24 F		24 L		24 Þ	
25 Þ		25 F		25 S		25 M	
26 M		26 L		26 M		26 F	Danskenns
27 F		27 S		27 Þ		27 F	Dan:
28 F		28 M	Starfsdagur skólastofn.	28 M		28 L	
29 L		29 Þ		29 F		29 S	
30 S		30 M		30 F		30 M	Dan:
31 M				31 L			

Skóladaagatal grunnskóla 2009 - 2010

NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR
	1 Þ Dans	1 F Nýársdagur	1 M
	2 M Dans	2 L	2 Þ
	3 F Dans	3 S	3 M
	4 F Dans	4 M Starfsdagur skólastofn.	4 F
	5 L	5 Þ	5 F
	6 S	6 M	6 L
	7 M	7 F	7 S
	8 Þ	8 F	8 M
Námsmat	9 M	9 L	9 Þ
Námsmat	10 F Jólaball Varmalandi	10 S	10 M Námsmat
Námsmat	11 F	11 M	11 F Námsmat
Námsmat	12 L	12 Þ	12 F Námsmat
Námsmat	13 S	13 M	13 L
	14 M	14 F	14 S
	15 Þ	15 F	15 M Námsmat
Starfsdagur	16 M	16 L	16 Þ Námsmat
Foreldradagur	17 F	17 S	17 M Starfsdagur/Öskudagur
	18 F Litlu jólin	18 M	18 F Foreldradagur
	19 L	19 Þ	19 F
	20 S	20 M	20 L
	21 M	21 F	21 S
	22 Þ	22 F	22 M
	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ
	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M
	25 F Jóladagur	25 M	25 F
Þekkenisla hefst	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F
Dans	27 S	27 M	27 L
	28 M	28 F	28 S
	29 Þ	29 F	29 M
Dans	30 M	30 L	30 Þ
	31 F Gamlársdagur	31 S	31 M

Nýjungar í mötuneyti Auðarskóla

Samkaup og Dalabyggð gerðu í vor nýjan samstarfssamning sín á milli. Samkaup sjá áfram um að elda hádegismat fyrir leik- og grunnskóla í Búðardal eins og verið hefur. Hinsvegar eru þrjár nýjungar í samningnum sem bæta þjónustu og auka á hollustu.

Í fyrsta lagi stendur öllum nemendum í grunnskólanum í Búðardal til boða salatbar með niðurskornu fjölbreyttu grænmeti og ávöxtum, bæði með morgunmat og hádegismat.

Í öðru lagi verða mótuð meginmarkmið og meginlínur fyrir mötuneytið sem Auðarskóli og Samkaup fylgja og í þriðja lagi verður leitað reglulega til næringarfræðings með áætlanir og eftirlit.

Matseðlar verða nú gerðir mánuð fram í tímann og birtast á heimasíðu Auðarskóla.



Frá Laugum

Opnunartímar sundlaugar og íþróttahúss

Þriðjudaga 15:30-20:00

Miðvikudaga 17:00-20:30

Fimmtudaga 16:00-21:00

Hálftíma fyrir lokun lýkur sölu á aðgangi í laugina.

Hótelið á Laugum

Hægt er að leigja aðstöðuna að Laugum um helgar.

Fundarsalir, íþróttahús og gisting. Einnig hægt að fá mat.

Nánari upplýsingar gefur Anna í síma 861 2660 eða á

netfang laugar@umfi.is

Samstarf leik- og grunnskóla

Eitt af markmiðum Auðarskóla er að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans. Nú strax í skólabyrjun hófst samvinna milli starfsmanna í grunn- og leikskóla og var augunum sérstaklega beint að gagnkvæmum heimsóknum milli nemenda leikskóla og grunnskóla.

Ákveðið var að nemendur leikskólans komi þriðjudaga og fimmtudaga í grunnskólann og vinni verkefni með nemendum 1. bekkjar. Byrjað var á ævintýrinu Kátt er í Kynjadal en það er stærðfræðináms efni ætlað leik- og grunnskólum þar sem megináherslan er stærðfræðihugtök, tölur, talnagildi, þrautir og leiki. Nemendur í 1. bekk koma í heimsókn í leikskólann á föstudögum, þá verður sungið og leikið saman.

Umsjónarmenn verkefnisins eru þær Fanney Þóra Gísladóttir hópstjóri elstu barnanna í leikskólanum og Jóhanna S. Árnadóttir umsjónarkennari 1. bekkjar.



Fréttir frá Silfurtúni

Í vetur mun Katrín Ólafsdóttir sjá um handavinnuna og munu Elísabet og Guðbjörg Björnsdóttir einnig verða til aðstoðar. Katrín tekur við af þeim Aldísi og Björt Þorleifsdóttur sem er þakkað fyrir góð störf. Handavinnan er á þriðjudögum og miðvikudögum frá 13:00 -16:30 og eru eldri borgarar hvattir til að mæta og taka þátt. Ýmsar nýjungar verða á boðstólnum í vetur.

Heimilis- og starfsfólk þakkar veittan stuðning í söfnun fyrir húsgögnum í sumar.

Haustrfagnaður í Dölum

Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu stendur fyrir hátíðinni “Haustrfagnaður í Dölum” helgina 24.-25. október nk. og verður hátíðin haldin víðsvegar um Dali.

Dagskráin er þéttskipuð og meðal þess sem er í boði er:

- Rokktónleikarnir “Slátrið” þar sem íslenskar hljómsveitir spila
- Stofnfundur landssamtaka ungra bænda
- Málþingið ungt fólk og landbúnaður
- Íslandsmeistaramótið í rúningi
- Kjötsúpa að hætti Dalamanna
- Lambhrútasýning
- Bændaþraut
- Knattspyrnumót
- Handverksmarkaður
- Hagyrðingakvöld
- Sviðaveisla
- Vélasýning
- Grillveisla.
- Skemmtiatriði
- Fjöldasöngur

**STÓRDANSLEIKUR
MEÐ PÖPUNUM
1. VETRARDAG**

